

Umhverfis- og tæknisvið uppsveita Árnassýslu
Vigfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Garðabær, 30. nóvember 2023
Málsnúmer: 202309-0026
IAS

Efni: Nesjavellir, umsögn um skipulags- og matslýsingu

Vísað er í tölvubréf frá skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Grímsnes- og Grafningshreppur, dags. 9. nóvember 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulags- og matslýsingu vegna endurskoðunar á deiliskipulagi orkuvinnslusvæðis Nesjavalla í Grímsnes- og Grafningshreppi vegna væntanlegrar fjölgunar á borholum. Markmið endurskoðunar deiliskipulagsins er að skilgreina svæði fyrir nýjar uppbotarvinnsluholur og niðurdælingarholur. Endurskoðunin felur í sér breytta afmörkun iðnaðarsvæðis og hverfisverndar til samræmis við breytt aðalskipulag og veður afmörkun skipulagssvæðisins endurskoðuð með tilliti til þessara breytinga.

Fram kemur í matslýsingunni að breytingin nær til svæðis sem nýtur verndar samkvæmt lögum nr. 85/2005: „Lög um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess“, lögum nr. 36/2011: „Lög um stjórn vatnamála“ og lögum nr. 60/2013: „Lög um náttúruvernd auk þess sem um er að ræða hverfisverndarsvæði.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir skipulags- og matslýsinguna og gerir ekki athugasemdir við lýsinguna en bendir á að þar sem efnistökusvæðið E2 er innan verndarsvæðis Þingvallavatns og vatnasviðs þess þá er framkvæmdin tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar.

Náttúrufræðistofnun Íslands áskilur sér rétt til frekari athugasemda á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

